



Sýslumannafélag Íslands

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður ● Kt. 541207-1550

Sími 458 2400 ● Netfang syslumannafelagid@syslumenn.is ● Vefur www.syslumenn.is

Ísafirði, 18. mars 2021.

Nefndasvið Alþingis
netfang: nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um þingmál nr. 273 á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa).

Það er mat stjórnar Sýslumannafélags Íslands að sú gjaldtaka sem nú er mælt fyrir um í ofangreindum lögum til að nálgast megi efni Lögbirtingablaðsins, sem birt er rafrænt, feli í sér talsverða hindrun fyrir þá sem koma þurfa auglýsingum eða tilkynningum á framfæri, að ná til hlutaðeigandi. Sama á við um þá sem þurfa eða vilja nálgast efni í blaðinu. Ber að nefna að sýslumönnum ber að birta þar fjölmargar auglýsingar sem þýðingu geta haft, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Mælt er fyrir um gjaldtöku í lokamálslið 2. mgr. 7. gr. tilvitnaðra laga, þar sem segir: „Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.“ Þótt fjárhæð gjaldsins geti vart talist há, sbr. 14. gr. b lið laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs, sem hljóðar svo: „Greiða skal 3.000 kr. fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs.“ er hætt við að umstang við að kaupa sérstaka áskrift sem kallar á notkun á sérstöku notandanafni og lykilorði þegar skoða á blaðið, hafi þau áhrif að efni blaðsins á rafrænu formi nái ekki til margra þeirra sem því er ætlað og hagsmuni hefðu af að geta nálgast það.

Þegar þessir hagsmunir eru vegnir á móti hagsmunum ríkisins af að fá þær tekjur sem af gjaldinu hlýst, sem eftir því sem næst verður komist eru á bilinu tvær til þrjár m.kr. á ári, þykir mega lýsa yfir stuðningi við að lokamálsliður 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15/2005, sbr. 14. gr. b laga um aukatekjur ríkissjóðs, verði felldur brott og áskilnaði um greiðslu verði þar með hætt. Til að bæta ríkissjóði hugsanlegt tekjutap sýnist mega hækka verð fyrir auglýsingar í blaðinu sem þessu nemur, sbr. gjaldskrá fyrir Lögbirtingablað nr. 1300/2017.

Ekki er tekin afstaða til annarra atriða frumvarpsins á þessum vettvangi.

Jónas Guðmundsson
formaður stjórnar Sýslumannafélags Íslands